


Húseyjarkvísl 1994

Bjarni Jónsson

Hólum, Febrúar 1995

VMST/N-95005



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild
Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 95-36599
Fax: 95-36672

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Efnisyfirlit

Inngangur-----	bls. 1
Aðferðir-----	bls. 1
Lestur hreistursýna-----	bls. 1
Niðurstöður rafveiða 1994-----	bls. 1
Umræða um seiðasleppingar og niðurstöður rafveiða árið 1994-----	bls. 2
Umræða um niðurstöður hreisturlesninga-----	bls. 4
Almenn umræða um ástand laxastofna og fiskræktaraðgerðir-----	bls. 5

Heimildaskrá

Tölur

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða í rafveiðum á 100m² í Húseyjarkvísl og tengdum svæðum 12. september 1994.

Tafla 2. Endurheimtur sleppiseiða í stangveiði 1990 - 1993.

Myndir

Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu rafveiðistaða í Húseyjarkvísl, 12. september 1994.

Mynd 2. Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl og Grófargilsá 12. september 1994.

Mynd 3. Lengdar og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl og Grófargilsá 12. september 1994.

Viðauki

Húseyjarkvísl 1994

Inngangur

Gerð var athugun á seiðastofnum á vatnasviði Húseyjarkvíslar 12. september 1994. Markmið þessara veiða var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxaseiða, vöxt og afkomu bæði náttúrulegra seiða sem og sleppiseiða. Á grundvelli þeirra upplýsinga er síðan mat lagt á heildarástand laxastofna árinna og árangur fiskræktaraðgerða. Að lokum eru settar fram tillögur er lúta að verndun og uppbyggingu laxastofna árinna á næstu árum.

Aðferðir

Ástand seiðastofna var kannað með rafveiðum. Rafveitt var á 9 stöðum á vatnasvæði Húseyjarkvíslar haustið 1994: 7 stöðum í Húseyjarkvísl og 2 stöðum í Grófgilsá (sjá mynd 1). Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Tumi Tómasson 1989, 1990, 1992; Bjarni Jónsson 1993). Veidd var ein yfirferð á hverjum stað, allur afli lengdarmældur og sýni tekin af hluta aflans til aldursgreininga. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum var þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur var á grýttum köflum í ánum þar sem von var meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga laxaseiða. Sérstaklega var hugað að ástandi tilbúinna búsvæða.

Lestur hreistursýna

80 laxar veiddust í Húseyjarkvísl síðastliðið sumar. Af 61 hreistursýni sem safnað var voru 57 læsileg. Laxar úr smáseiðasleppingum hafa alls talið um 19% veiðinnar. Smáseiðasleppingin frá því sumarið 1989 hefur skilað um 0.24% heimtum á þremur árum og sleppingin 1990 um 0.16% heimtum. Þetta er nokkuð lakara en árin á undan en heimtur úr sleppingum frá árunum 1986 - 1988 voru 0.31 - 0.50% (sjá töflu 2.). Vægi flækingsfiska af sleppiuppruna hefur fækkað frá síðustu árum og aðeins greindist einn slíkur flækingur úr hreisturlesningu nú.

Niðurstöður rafveiða 1994

Húseyjarkvísl

Í Húseyjarkvísl var veitt neðst í gilinu við Vindheimamela, fyrir ofan brú við Saurbæ og ofan við Laugarstreng. Við þetta var bætt fjórum aukastöðvum, þremur í grjótgörðum við Saurbæ (1.1, 1a, 1b) og einum við austari bakka árinna fyrir ofan Laugarstreng (3a).

Sumarið 1994 var sleppt 1500 smáseiðum í gilið og varð þeirra vart nú. Á þessum stað veiddust einnig tveggja og þriggja ára náttúruleg seiði en minna en oftast áður (Tumi Tómasson 1989, 1990, 1992; Bjarni Jónsson 1993). Fyrir ofan Saurbæ (stöð 2) fundust allir árgangar laxaseiða og þrír árgangar urriðaseiða (0+, 1+ og 3+). Þéttleiki seiða var verulega meiri við grjótgarðana þrjá við Saurbæ en á svæðinu í kring, en minna var af stærri seiðum nú en fyrir ári (Bjarni Jónsson 1993). Fyrir ofan Laugarhyl veiddust eins og tveggja ára náttúruleg laxaseiði en einnig var þar vottur af tveggja ára sleppiseiðum. Önnur seiði á þessum stað voru vorgömul, eins og tveggja ára urriðaseiði. Á aukarafveiðistaðnum fyrir ofan Laugarstreng vottaði aðeins fyrir vorgömlum og eins árs laxaseiðum og vorgömlum urriðaseiðum.

Grófargilsá.

Í Grófargilsá var veitt við Víðimýri og við Grófargil. Ekki varð vart við tveggja ára sleppiseiði við Grófargil en talsvert var hins vegar af þeim við Víðimýri. Í Grófargilsá var sleppt 3000 smáseiðum sumarið 1994, nokkuð þétttri sleppingu á köflum. Við Grófargil fannst aðeins vottur af seiðum úr þessari sleppingu, en meira við Víðimýri.

Umræða um seiðasleppingar og niðurstöður rafveiða árið 1994

Húseyjarkvísl

Lítið er af seiðum í gilinu miðað við það sem verið hefur. Þar eru til að mynda engin náttúruleg eins árs seiði og minna af tveggja ára seiðum en undanfarin ár. Seiðaslepping á þennan kafla síðastliðið sumar kemur því ekki að sök hvað þéttleika varðar. Þær umhleypingar sem urðu í vor hafa líklega komið hvað verst niður á seiðum í gilinu og gætu hafa fargað nokkrum hluta þeirra. Þéttleiki ungra seiða annarsstaðar í ánni gefur hins vegar sterkar vísbendingar um það að nóg verði af seiðum í gilinu næsta sumar (seiðin sem eru í gilinu eru upprunnin neðar í ánni). Það er því ekki ástæða til seiðasleppinga á þetta svæði næsta sumar. Sérstaklega í ljósi þess að á það var sleppt seiðum síðastliðið sumar.

Umhverfið á rafveiðistað 2 er mikið breytt frá fyrri árum og er það til marks um hve mikið gekk á í vor. Austari bakkinn hefur að mestu skolast í burtu. Rafveiðinni í sumar var því fundinn staður við hinn bakkann en á sama stað. Þéttleiki seiða var eins og búast má við miðað við framboð búsvæða á þessum slóðum í ánni. Það er og ljóst að árgangur vorgamalla seiða hefur ekki hlotið alvarlegan skaða af umhleypingunum í vor. Það eru því engin rök fyrir seiðasleppingum á þennan kafla. Það eru sem fyrr búsvæðin sem eru hinn takmarkandi þáttur en ekki fjöldi seiða.

Grjótgarðarnir sem gerðir voru fyrir ofan Saurbæ hafa farið fremur illa út úr flóðunum í vor. Lítið fyrirtæki var hins vegar að koma þeim í fyrra horf. Þrátt fyrir þetta var talsvert mikið af seiðum við grjótgarðana, eins og þeir voru í byrjun september. Aftur var rafveitt á þessum

slóðum snemma í nóvember 1994 til þess að grennslast fyrir um það hvernig vetrardvalarstaði seiðin veldu sér. Þá höfðu grjótgarðarnir verið lagfærðir. Aðstæður voru erfiðar vegna ísingar og því ekki hægt að veiða nema á takmörkuðum svæðum í görðunum sjálfum. Rafveiðigöngnum var enda ekki sérstaklega haldið til haga. Það var hins vegar ljóst að seiði af stóru svæði höfðu safnast í grjótgarðana og var þar urmull seiða kominn til vetrarsetu. Á sama tíma var mjög lítið um seiði í grenndinni. Þetta bendir til þess að gildi grjótgarðanna felist ekki síst í því að veita seiðum skjól yfir veturinn. Hluti þeirra dreifir sér svo á svæðið til fæðunáms að sumarlagi. Þetta er nokkuð sem vert væri að kanna betur.

Mikið er sem fyrr af seiðum á rafveiðistaðnum fyrir ofan Laugarstreng. Þar er rennsli heppilegt, árbotn grýttur og gróðurmikill. Þessi rafveiðistaður er hins vegar aðeins dæmigerður fyrir stuttan kafla í ánni og þá við vesturbakkann. Annarsstaðar er áin fremur skjóllítill og óstöðug. Möguleikar á því að gera grjótgarða í ánni á þessum slóðum hafa því verið kannaðir. Í kjölfar þess hefur þremur grjótgörðum verið valinn staður í ánni fyrir ofan Laugarstreng. Staðsetningin er við það miðuð að hafa sem minnst áhrif á straumstefnu og gróskuvínina sem hefur verið rafveiðistaður undanfarin ár. Ennfremur er reynt að gæta þess garðarnir hafi ekki áhrif á veiðistaði í grenndinni og að þeir komi um leið að notum til varnar gegn landbroti. Til þess að skapa samanburð á framleiðslu svæðisins fyrir og eftir búsvæðagerð var veidd aukastöð (3a) þar sem görðunum var valinn staður. Aðeins varð þar vart við vott af seiðum og þá aðeins vorgamalla og eins árs seiða. Þessar niðurstöður ásamt rafveiðiniðurstöðum undanfarinna ára frá frá hinum hefðbundna rafveiðistað fyrir ofan Laugarstreng eiga því eftir að veita forvitnilegan samanburð síðar.

Grófargilsá

Mikill munur var á stærð tveggja ára sleppiseiða eftir svæðum í Grófargilsá haustið 1993 og var sá munur augljóslega tengdur sleppiþéttleika. Sleppt var mun þéttar í efri hluta árinna. Í fyrra spáði ég því að Grófargilsá neðan til myndi væntanlega geta skilað um helmingi seiðanna af sér til sjávar nú í sumar ef vel voraði. Hins vegar taldi ég þess ekki að vænta að nema mjög takmarkaður hluti sleppiseiðanna ofan til næði sjóþroska á sama tíma (Bjarni Jónsson 1993). Þetta virðist hafa gengið eftir og er þörf áminning um það að sleppiseiðum vegnar best í Grófargilsá ef þeim er ekki sleppt of þétt (sleppiþéttleiki sem er meiri en eitt seiði á hvern lengdarmetra er of þétt slepping í þessa á). Þannig hefur of mikill þéttleiki orðið til þess að lengja sjávardvöl seiða í efri hluta Grófargilsár um eitt ár. Það virðist hins vegar ekki hafa orðið mikill dauði á þessum tíma og mikill þéttleiki því fremur komið niður á vaxtarhraða en lífslíkum. Í því sambandi held ég að skipti máli að áin var aðeins setin einum árgangi laxaseiða og tel ég að best sé að nýta ána til seiðasleppinga með þeim hætti. Ég hef áður sagt að ef að smáseiðasleppingar eigi undir einhverjum kringumstæðum að geta skilað til baka því sem til þeirra sé kostað þurfi mest af seiðunum að ná sjóþroska og ganga til sjávar tveggja ára gömul (Bjarni Jónsson 1993). Til þess að svo geti orðið þurfa seiðin að hafa náð viðunandi stærð fyrir

sleppingu og gæði þeirra að vera í góðu lagi. Fleira kemur svo til svo sem gæði búsvæða á sleppistað og lífríki. Sleppipéttleiki verður svo að ráðast af aðstæðum á sleppistað. Árferði hefur síðan áhrif á vöxt og lífslíkur seiða og ekki síst hvaða péttleiki er heppilegastur hverju sinni.

Miðað við að sleppiseiði nái sjóþroska tveggja ára gömul taldi ég mögulegt að sleppa smáseiðum í Grófgilsá annað hvert ár þannig að í henni væri að mestu leyti aðeins einn árgangur hverju sinni. Hins vegar voru nú tveggja ára seiði smá við sleppingu og sleppipéttleiki mismikill eftir svæðum. Því taldi ég ekki útlit fyrir að hægt yrði að bæta á garðann í Grófgilsá síðastliðið sumar, nema hugsanlega neðan til ef vel voraði. Jafnframt taldi ég að ef menn vildu eftir sem áður skoða þann möguleika að sleppa einhverjum seiðum í Grófgilsá sumarið 1994 þyrfti að rafveiða þar áður til að fá mat á það hve mikið af seiðum stefndi í að verða áfram í ánni eftir sumarið 1994. Ennfremur taldi ég og tel enn að það þurfi að ganga með allri Grófgilsá til þess að fá mat á það hve stór hluti hennar hentar til seiðasleppinga, fyrr er ekki hægt að nefna nema ónákvæmar tölur um æskilegan fjölda sleppiseiða í ána (Bjarni Jónsson 1993). Ráðleggingum varðandi sleppingar í Grófgilsá sumarið 1994 var ekki fylgt. Áður en ákvörðun um það var tekin hefði þurft að sannreyna mat á framvindu mála í ánni með rafveiðum í vor eins og lagt var til. Efri hluti Grófgilsár virðist ekki hafa þolað nýja sleppingu nú í sumar vegna þess að seiði úr fyrri sleppingu voru flest enn til staðar. Þetta veldur því eitthvað hægari vexti eldri seiða en sérstaklega mun þetta koma niður á þeim seiðum sem sleppt var í sumar. Holdafar sleppiseiða frá því í sumar sem veidd voru við Víðimýri var afar slæmt og hluti þeirra (um 40%) var svo horaður nú í haust að hverfandi líkur eru á því að þau lifi sinn fyrsta vetur í ánni.

Það var hins vegar rými fyrir fleiri seiði í neðri hluta Grófgilsár í sumar. Slepping á þann hluta hefur samt að einhverju leyti misfarist því að aðeins veiddist eitt seiði úr þeirri sleppingu á um 60m kafla í ánni við Grófgil. Eins hefði mátt búast við því að rekast á einhver eldri laxaseiði á þessum kafla í sumar, því þrátt fyrir að þau hafi líklegast flest gengið til sjávar í vor þá er með ólíkindum að þau hafi öll gert það. Hins vegar var töluvert af urriðaseiðum á þessum slóðum og því erfitt að geta sér til hvað valdi fæð laxaseiða á þessum stað. Það væri því athugandi að rafveiða á fleiri stöðum í ánni næsta vor til þess að kanna útbreiðslu sleppiseiða í ánni. Ef mönnum hugnast að sleppa seiðum næsta sumar gæti verið að einhverjum þeirra mætti finna stað í neðri hluta Grófgilsár.

Umræða um niðurstöður hreisturlesninga

Á árabílinu 1986 - 1990 var sleppt 43200 smáseiðum á vatnasvæði Húseyjarkvíslar. Meðalheimtur úr þessum sleppingum eru um 0.34% en heimtur úr einstökum sleppihópum hafa verið á bílinu 0.16 - 0.50%. Sleppingin 1986 og 1988 hafa skilað bestum árangri. Til þess að gera sér betur grein fyrir hugsanlegri arðsemi þessara sleppinga er vert að skoða hvað hver lax úr sleppingu kostar þegar hann er kominn á land. Ef við miðum við að heildarsleppikostnaður

við hvert sleppiseiði sé um 20 krónur þá hefur hver stangveiddur sleppilax úr þessum sleppingum kostað að meðaltali um 5900 krónur. Menn verða svo sjálfir að meta hvort að það er viðunandi árangur. Að mínu mati er hins vegar ólíklegt miðað við þessar forsendur að heimtur undir 0.5% geti talist viðunandi árangur. Veiðifélagið á nú ekki kost á því að nýta nema brot af þeim sleppisvæðum sem notuð voru við þessar sleppingar. Af þessu og fremur slökum heimtum má ráða að umfangsmiklar seiðasleppingar séu ekki fýsilegur kostur á næstu árum.

Flækingsfiskum af eldisuppruna hefur fækkað í Húseyjarkvísl frá því á undanförunum árum og er það vel.

Almenn umræða um ástand laxastofna og fiskræktaraðgerðir

Góð ganga hefur verið út af þriggja ára gönguseiðum í vor sem leið úr Húseyjarkvísl, en hins vegar má búast við því að gangan verði nokkru minni næsta vor. Vöxtur seiða er ágætur samanborið við fyrri ár, einkanlega vorgamalla og eins árs laxaseiða. Ástand seiðastofna árinna er því almennt gott.

Stór hluti sleppiseiða úr neðri hluta Grófargilsár hefur náð sjóþroska í vor og gengið til sjávar. Það sama er hins vegar ekki hægt að segja um efri hluta árinna. Árgangur nú tveggja ára sleppiseiða mun þó væntanlega að langmestu leyti hverfa úr ánni næsta vor.

Eins og aðstæður eru í dag tel ég sleppiseiðum hvergi á bætandi næsta sumar á þeim hluta vatnasvæðisins sem veiðifélagið hefur yfir að ráða. Vegna samkeppni við önnur seiði kynnu slíkar sleppingar ekki einungis að vera óhagkvæmar heldur einnig að koma niður á vexti og lífslíkum þeirra seiða sem fyrir eru. Eina hugsanlega undantekningin frá þessu gæti verið neðri hluti Grófargilsár ef að sleppiseiði frá síðastliðnu sumri hafa misfarist. Hins vegar tel ég ekki rétt að sleppa á þann kafla eða hluta hans nema að undangengnum rafveiðum næsta vor þannig að ljóst megi vera hvernig staða mála er. Tillaga frá fyrra ári um fyrirkomulag seiðasleppinga á neðsta kafla Svartár stendur þó enn ef um slíkt næðist samkomulag.

Eftir að hafa kynnt sér niðurstöður rafveiða í Grófargilsá undanfarin þrjú sumur ætti mönnum að vera ljóst hve viðkvæm sleppiseiði eru fyrir þéttleika og samkeppni við aðra árganga. Sleppiáætlanir sem miða við það að hámarka lífslíkur og vöxt seiða og þá án þess að það sé gert á kostnað annarra seiða hljóta að vera hagkvæmari en þær sem gera það ekki. 4000 seiða slepping með 1% heimtum væri til að mynda hagkvæmari en 8000 seiða slepping er gæfi 0.6% heimtur þrátt fyrir að stærri slepping skilaði í því tilfelli aðeins fleiri fiskum.

Mönnum er heldur ekki gjarnt að taka með í reikninginn áhrif eins sleppihóps á annan eða jafnvel á náttúruleg seiði þegar menn meta árangurinn af einstökum sleppingum.

Hlutaðeigandi aðilum er að sjálfsögðu frjálst að leggja eigið mat á þær ráðleggingar sem þeim eru gefnar og ákveða hvort eftir þeim sé farið eður ei. Það er mikilvægt að nálgast öll álitamál út frá fræðilegum sjónarhóli. Heimur vísindanna er hverfull og sífellt er okkur að aukast þekking á viðfangsefnum okkar. Skoðanir okkar verða því að vera háðar stöðugu

endurmati. Margt hefur lærst á þeim tíma sem vatnasvæði Húseyjarkvíslar hefur verið athugað og reynsla og þekking borist úr ýmsum áttum. Til að mynda á ráðgjöf um fyrirkomulag seiðasleppinga í Grófargilsá sem gefin var árið 1982 (Sigurður M. Einarsson)¹ ekki lengur við í ljósi þeirrar reynslu og þekkingar sem við höfum síðan áunnið okkur.

Eins og málum er nú háttáð við Húseyjarkvísl þá er lítið svigrúm til seiðasleppinga á vatnasvæðinu nema þá í Grófargilsá. Þar sem jafnan ríkir nokkur óvissa um það hve miklu af seiðum er hægt að sleppa þannig að hagkvæmt sé eða það valdi ekki skaða á öðru lífríki þá tel ég vænlegast að taka ekki klakfisk oft en annað hvert ár. Megin vettvangur sleppinga væri þá Grófargilsá nema í einhverjum undantekningar tilfellum. Það er erfitt fyrir eldisstöð að ala seiði sem menn vita ekki hvort verða seld eða ekki. Að sama skapi er það slæmt ef menn þurfa að kaupa eða taka við seiðum jafnvel þó að engin not séu fyrir þau. Slíkt fyrirkomulag er óhagkvæmt fyrir báða aðila. Réttara væri að samið yrði um ákveðið magn sleppiseiða annað hvert ár óháð fjölda foreldra eða hrogn sem fara inn í eldisstöð. Með því móti fengju ármenn aðeins þau seiði og þann fjölda sem not eru fyrir og óþægilegri óvissu gagnvart viðkomandi eldisstöð væri eitt. Ef Grófargilsá getur tekið við 3000 - 5000 smáseiðum annað hvert ár án þess að vaxtargeta og lífslíkur seiða séu verulega takmarkaðar þá mætti hugsa sér að samið yrði um það magn. Það skal tekið fram að það er óvíst hvort seiðasleppingar yfir höfuð borgi sig við núverandi aðstæður en ef þær geta gert það tel ég það helst verða með áður nefndum hætti.

Ég vil sérstaklega minna á að aðferðir við val klakfiska og frjóvgun hrogn þarf að bæta. Það er þörf á leiðbeiningum og vinnureglum er lúta að slíkum aðgerðum. Því miður er þess líklega enn langt að bíða að slíkt verði gert af frumkvæði einherrar stofnunar sem þessi mál varðar hérlandis. Slíkt er þó orðin staðreynd til að mynda í Norður Ameríku. Menn verða því að standa að þessu eftir bestu getu sjálfir þangað til. Ég nefni hér nokkur lykilatriði sem þarf að hafa í huga. Gæta þarf þess að fiskar sem teknir eru til klaks séu af náttúrulegum uppruna. Með því að nota fiska af sleppiuppruna þá er verið að nota fiska sem undirgengist hafa aðra valkrafta en í náttúrunni. Menn væru því að nokkru leyti að rækta upp eldisstofn. Önnur hætta væri sú að villufiskar af sleppi og hafbeitaruppruna annarsstaðar frá væru teknir til undaneldis. Um 10% af veiddum löxum í Laxá í Refasveit 1993 voru til dæmis úr gönguseiðasleppingum þrátt fyrir að slíkar sleppingar hefðu ekki farið þar fram (Bjarni Jónsson 1993)² og þetta er ekki óþekkt vandamál í Húseyjarkvísl heldur (sjá Friðjón M. Viðarsson 1992 og 1993). Ein leið til að forðast það að taka laxa af sleppiuppruna til undaneldis væri að taka hreistursýni af væntanlegum undaneldisfiskum svo sjá megi hverja skuli taka frá. Gæta þarf þess að sem flestir foreldrar séu notaðir óháð væntanlegu sleppimagni (þó ekki af sleppiuppruna). Að minnsta kosti einn hængur skal notaður til að frjóvga hrogn úr hverri

¹ Þá var ekki gerð athugasemd við 8500 seiða sleppingu í Grófargilsá og árlegar seiðasleppingar í ána sagðar æskilegar

² Það má nefna það að Veiðimálastofnunin í Oregon í Bandaríkjunum telur 10% blöndun laxastofns við eldisfiska af öðrum stofnum vera hámark þeirrar blöndunar sem má eiga sér stað til þess að viðkomandi stofn sé ekki talinn í alvarlegri hættu (Wild fish management policy. Biennial progress report 1992).

hrygnu. Þegar fleiri en einn hængur eru notaðir á sömu hrygnuna þá skal hrognunum skipt upp áður en þau eru frjóvguð til þess að jafna frjóvgunarhlutfall á milli hænga. Einnig þarf að gæta þess að fjöldi sleppiseiða undan hverju foreldri sé sem jafnastur til að vega á móti valkröftum í eldisstöð (sem eru aðrir en þeir í náttúrunni). Ég nefndi hér nokkra af þeim þáttum sem tekið hefur verið á í Norður Ameríku. Mörgum er kunnugt um þá en fáir fara eftir þeim. Hagsmunir eldisstöðvar eru ekki endilega þeir sömu og hagsmunir þeirra sem bera hag sinna laxastofna fyrir brjósti. Þetta er því ekki eitthvað sem eldismenn ættu að vera látnir einir um.

Það má hugsa sér önnur not af Grófargilsá en til seiðasleppinga. Tilraunir með hrognagröft voru framkvæmdar af Tuma Tómassyni fyrir nokkrum árum og var ég þátttakandi í því. Víðast hvar skiluðu þessar aðgerðir góðum árangri meðal annars í Svartá. Auðveldast var að fást við smæstu árnar og þar skilaði hrognagröfturinn jafnframt mestu. Þetta er mjög ódýr aðgerð sem menn geta framkvæmt á eigin spýtur. Safna þarf klakfiski og geyma og svo frjóvga hrogn á réttum tíma. Hrognum úr einstökum hrygnum má skipta í nokkra staði og æskilegt er að nota sem flesta foreldra, bæði hænga og hrygnur. Eftir að hrognin eru vatnshörnuð má líða nokkur tími uns þeim þarf að hafa verið komið fyrir í ánni. Mörgum virðist ókunnugt um þennan valkost þrátt fyrir að hann sé að mörgu leyti fýsilegri en seiðasleppingar undir mörgum kringumstæðum. Vegna þessa tel ég rétt að minna á þennan möguleika. Aðstoð eða ráðgjöf varðandi slíka framkvæmd væri auðsött.

Sú fiskræktaraðgerð sem mestur vaxtarbroddur er í er búsvæðagerð. Slíkar aðgerðir eru mun vistvænni en seiðasleppingar sérstaklega þegar í hlut eiga litlir og viðkvæmir laxastofnar.

Íslenska landbúnaðarbyltingin og framræsla lands hefur víða orðið til þess að gera vatnsbúskap óstöðugri og auka framburð af fínum jarðvegi og mól. Við það hafa tapast búsvæði fyrir laxa og aðrar lífverur. Tilbúin búsvæði eru því ekki ónáttúruleg viðbót heldur má einnig líta svo á að verið sé að nokkru að færa aðstæður til fyrra horfs. Það er líka að aukast áhugi á því að sameina varnir gegn landbroti og búsvæða eða veiðistaðagerð.

Þeir aðilar sem að gerð búsvæða standa í Húseyjarkvísl hafa unnið brautryðjendastarf á þessu sviði hérlandis og fært fólki heim sannir um það að til eru aðrar leiðir til fiskræktar en seiðasleppingar.

Sú umræða sem átt hefur sér stað á alþjóðavettvangi um seiðasleppingar, stofnablöndun og verndun laxastofna mun fyrr en síðar ná til Íslands. Þegar spurningar um áhrif seiðasleppinga á náttúrulega laxastofna verða orðnar háværari verður mikilsvert að geta bent á aðra valkosti í fiskrækt er geta aukið laxagengd án áhættu fyrir viðkomandi laxastofna. Sú athafnaþrá sem einkennt hefur fiskrækt hér á landi gæti því fundið sér annan farveg í framtíðinni.

Í Húseyjarkvísl eiga menn ekki margra kosta vól ef þeir vilja auka laxagengd. Möguleikar til seiðasleppinga eru mjög takmarkaðir, hins vegar er víða hægt að bæta lífslíkur villtra seiða með búsvæðagerð. Óvíða er einmitt vól eins mikillar reynslu og þekkingar í hönnun búsvæða eins og á meðal ármanna við Húseyjarkvísl. Í ljósi þess þá mæli ég eindregið með því

að orku og fjármunum sem verja á til fiskræktaraðgerða sé varið til áframhaldandi búsvæðagerðar. Hér er um merkt þróunarstarf að ræða sem bæði lítur að gerð nýrra búsvæða og endurbótum á þeim sem fyrir eru. Árangurinn til þessa lofar góðu og áhugi fleiri aðila er að vakna á því að reyna slíkt hið sama í öðrum ám.

Heimildaskrá

Bjarni Jónsson 1993. Húseyjarkvísl 1992 og 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/93007x.

Bjarni Jónsson 1993. Laxá í Refasveit 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/93008x.

Friðjón M. Viðarsson 1992. Gögn um niðurstöður hreisturlesninga á hreistri veiddra laxa í Húseyjarkvísl sumarið 1992. Gögn Veiðimálastofnunar.

Friðjón M. Viðarsson 1993. Gögn um niðurstöður hreisturlesninga á hreistri veiddra laxa í Húseyjarkvísl sumarið 1993. Gögn Veiðimálastofnunar.

Sigurður M. Einarsson 1982. Skýrsla Veiðimálastofnunar júlí 1982 [um athugun á Veiðimýrará í Skagafirði].

Tumi Tómasson 1989. Laxrækt í Húseyjarkvísl og Svartá 1985-1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/89012x.

Tumi Tómasson 1990. Athugun á seiðastofnum Húseyjarkvíslar og Svartár 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/90012x.

Tumi Tómasson 1992. Húseyjarkvísl og Svartá 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/92001x.


Wild Fish Management Policy. Biennial Progress Report 1992.

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða í rafveiðum á 100m² í Húseyjarkvísl og tengdum svæðum 12. september 1994.

Staður	Stærð	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100m ²										
		Lax							Urriði			
nr	m	0+	0+ss	1+	2+	2+ss	3+	4+	0+	1+	2+	3+
<u>Húseyjarkvísl</u>												
1	50x15	-	0.5	-	0.1	-	0.1	-	-	-	-	-
1.1	3x6	16.7	-	16.7	11.1	-	-	-	16.7	-	-	-
1A	5x6	13.3	-	16.7	6.7	-	-	-	13.3	-	-	-
1B	3x6	-	-	16.7	-	-	5.6	-	38.9	-	-	-
2	40x15	2.5	-	1.5	0.7	-	0.2	0.2	0.5	0.2	-	0.2
3	35x5	-	-	10.3	1.7	0.6	-	-	5.7	2.3	1.1	-
3A	40x7	0.4	-	0.4	-	-	-	-	2.1	-	-	-
<u>Grófargilsá</u>												
1	50x3.5	-	10.9	-	-	9.7	-	-	-	3.4	3.4	-
2	60x6	-	0.3	-	-	-	-	-	-	1.4	2.2	-

Tafla 2. Endurheimtur sleppiseiða í stangveiði 1990-1993. Niðurstöður eru sundurliðaðar fyrir hvern sleppiárgang og eru heimtur í veiði reiknaðar í beinu hlutfalli við hreisturskil. Fjöldi veiddra laxa er sýndur í sviga.








Slepping smáseiða		Endurheimtur					Heimtur
		Fjöldi í stangveiði					
Ár	Fjöldi	1990	1991	1992	1993	1994	Prósent
1986	8500	35,0 (11)	7,7 (5)				0,50
1987	7500	3,2 (1)	12,3 (8)	7,7 (5)			0,31
1988	9400		6,1 (4)	18,5 (12)	14,9 (9)		0,42
1989	9800			6,2 (4)	14,9 (9)	2,8 (2)	0,24
1990	8000				6,6 (4)	11,2 (8)	0,16
1991	9100					1,4 (1)	0,02
	Samtals	38,2	26,1	32,4	36,6	15,4	
	% af veiði	42,9	25,3	13,2	22,8	19,3	
	Hreisturskil (% af veiði)	31,4	65,0	64,9	60,6	71,2	





Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu rafveiðistaða í Húseyjarkvísl, 12. september 1994.

Húseyjarkvísl

Fjöldi



Grófargilsá









Lengd (mm)



Mynd 2 Lengdar og aldursdreifing veidra laxaseiða í Húseyjarkvísl og Grófargilsá 12. september 1994

Húseyjarkvísl

Fjöldi



Grófgilsá



Lengd (mm)

Mynd 3. Lengdar og aldersdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl og Grófgilsá 12. september 1994

Úrvinnsla hreistursýna - aldur/kyn

Staður: Húseyjarkvísl
 Veiðiár: 1994

Tegund: Lax

F.V.	1 ár				2 ár				3 ár				ST	ST
	HÆ	HR	ÓS	Alls	HÆ	HR	ÓS	Alls	HÆ	HR	ÓS	Alls	Fj.	%
1	1			1									1	1,8
2	1			1	1	4		5					6	10,5
3		2		6	3	18	1	22					28	49,1
4	4			2	4	11		15					17	29,8
5	2			1	1	2		3					4	7,0
6	1					1		1					1	1,8
Fj.	9	2		11	9	36	1	46					57	
%Fj.	15,8	3,5		19,3	15,8	63,2	1,8	80,7						

Úrvinnsla hreistursýna - árgangar

Árgangur	Fjöldi	%Fjöldi
1993		
1992	1	1,8
1991	1	1,8
1990	11	19,3
1989	24	42,1
1988	16	28,1
1987	3	5,3
1986	1	1,8
Samtals		

STAÐUR : Huseygarhúsið

VEIÐIMALASTJÓRI

ÁR : 1994

DAGS :

FISKTEGUND :

Velðarfærli	Nr.	Lengd í sm.	Þyngd í g	I = 0 Kyn 0 = ♀	Kynþroski	Kjölltur	Aldur	Lengd við vaxur								
								1	2	3	4	5	6	7		
13.7		89	7000	♂			4.2									
-		60	2500	♂			4.1									
-		90	7000	♀			3.2									
16.7		80	6000	♀			4.2									
17.7		87	6000	♀			2.2	sl	90							
19.7		67	3300	♂			3.1									
21.7		85	6000	♀			4.2									
24.7		56	2000	♂			3.1									
-		83	5500	♀			3.2									
-		90	6500	♀			3.2									
26.7		55	1700	♂			3.1									
-		65	2600	♂			3.1	sl	90							
1.8		90	8000	♀			2.2	sl	90							
3.8		56	2000	♀			3.1	sl	90							
5.8		70	4000	♂			2.1	sl	91							
-		80	5000	♀			3.2									
7.8		92	7000	♂			4.2									
9.8		58	2500	♀			3.1	sl	90	18	cm					
-		82	6000	♀			4.2									
-		92	7500	♂			3.2									
11.8		83	6000	♀			4.2									
-		58	2000	♂			4.1									
13.8		59	2500	♂			5.1									
-		58	2500	♂			1.1	45	93							
16.7		60	2500	♀			4.3	Sjóbirtunga (25,6 cm)								